

Telst tjónið af umræddu slysi þannig hafa numið kr. 7920.00. Helming þeirrar fjárhæðar ber stefndum að greiða stefnanda, eða kr. 3960.00 ásamt vöxtum, eins og krafizt er, og málskostnaði, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Stefán Þorláksson, greiði stefnandanum, Guðbjörgu Ólafsdóttur, kr. 3960.00 með 5% ársvöxtum frá 26. febrúar 1941 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. janúar 1942.

Nr. 55/1941. **Réttvísinn** (Jón Ásbjörnsson)

gegn

Steingrími Stefánssyni

(cand. jur. Gústaf Ólafsson).

Maður dæmdur til refsingar og greiðslu skaðabóta vegna sviksamlegs atferlis.

Dómur hæstaréttar.

Það verður ekki talið sannað, að ákærði hafi í öndverðu með sanningsgerð sinni við Jón J. Dahlmann ætlað að hafa sviksamlega fé af honum. Hins vegar þykir hann hafa gerzt sekur með meðferð sinni á fé því, er hann fékk fyrir víxla-ana og lýst er í I. kafla héraðsdómsins, um brot, er varðaði við 255. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og ber að ákveða refsingu fyrir það samkvæmt 2. málsg. 247. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940 sbr. 2. gr. sömu laga.

Fallast má á það álit héraðsdómsins, að ákærði hafi ekki unnið til refsingar, þótt hann vísaði ekki við fjárnámsgerð á kröfur þær, er hann hafði fengið fyrir áður nefnda víxla. Fasteignin við Hverfisgötu 94, sem ákærði að vísu átti, þótt hún væri skráð á nafn annars manns, var veðbundin, er fjárnám var reynt hjá honum, um nálægt kr. 24000.00, en fasteignamat hennar er talið kr. 15000.00. Mátti því á þeim tíma,

í nóvember 1939, vart gera ráð fyrir því, að skuld sú, er fjárnámi skyldi tryggja, fengist að nokkru greidd af andvirði hússins, ef það yrði selt enda er ekkert komið upp um það, að fjárnám í arði eignarinnar, sem ákærði notaði sjálfur að minnsta kosti að nokkru leyti, hefði komið gerðarbeiðanda að nokkru gagni. Verður því eigi staðhæft, að ákærði hafi með þessum hætti gerzt sekur við 38. gr. aðfararlaganna, er þá var í gildi, enda tekur 261. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 eigi til verknadarins, sbr. 2. gr. þeirra laga, og þykir því eiga að sýkna ákærða af þessu ákæruatriði. Svo þykir og mega sýkna ákærða af meðferð hans á vixli þeim, er Einar Guðmundsson var riðinn við, eins og gert er í héraðsdómi.

Refsing ákærða fyrir framangreint brot þykir hæfilega ákveðin 5 mánaða fangelsi.

Krafizt hefur verjandi ákærða frávísunar á skaðabóta-kröfu Jóns J. Dahlmans frá héraðsdómi vegna þess ákvæðis í 12. gr. samnings hans og ákærða, er segir, að deilu milli aðilja út af samningnum skuli útkljá með gerðardómi. Þetta ákvæði verður að telja gert á þeirri forsendu, að aðiljar komi heiðarlega fram, hvor við annan, og verður Jón J. Dahlmann því eigi talinn við það bundinn nú, er ákærði hefur gerzt sekur um refsivert atferli í skiptum þeirra.

Afhending vixla Jóns J. Dahlmans í hendur ákærða verður að telja gerða á þeirri forsendu, að ákærði verði andvirði þeirra samkvæmt samningi aðilja þessara. Með hinni sviksamlegu meðferð sinni á því hefur ákærði bakað Jóni það tjón, er nafnverði vixlanna, kr. 11600.00, nemur og tryggt var með veðrétti í fasteign Jóns, Laugaveg 46, að frádregnu því, er Jón fékk í peningum og verki því, er ákærði framkvæmdi. Það, er Jón hefur fengið, er

1. Í framkvæmdu verki	kr. 1402.00
2. Í peningum samkvæmt héraðsdómi	— 2585.35
3. Greiðsla, er Jón hefur eigi nægilega neitað sig hafa tekið við	— 50.00
4. Hlutfallslegir vextir af fjárhæðum 1—3 ..	— 118.23

Kr. 4155.58

Ber ákærða því að greiða Jóni	kr. 11600.00	
	÷ — 4155.58	
		kr. 7444.42
Við það bætist 1. Leigutap	—	975.00
og 2. Þóknun málfærslumanns .	—	250.00
		<u>kr. 8669.42</u>

Ber ákærða því að greiða Jóni J. Dahlmann kr. 8669.42 með 5% ársvöxtum frá 24. sept. 1940 til greiðsludags.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um 50 króna greiðslu til Einars Guðmundssonar.

Ákærða ber að greiða allan sakarkostnað í héraði, svo sem í héraðsdómi segir, og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal máflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 500 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Steingrímur Stefánsson, sæti fangelsi í 5 mánuði.

Ákærði greiði Jóni J. Dahlmann kr. 8669.42 með 5% ársvöxtum frá 24. sept. 1940 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdómsins um greiðslu úr hendi ákærða til Einars Guðmundssonar og um greiðslu sakarkostnaðar í héraði staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin máflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmáflutningsmanns Jóns Ásbjörnssonar og Gústafs Ólafssonar héraðsdómsmáflutningsmanns, 500 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 6. júní 1941.

Ár 1941, föstudaginn 6. júní, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 434/1940: Réttvísni gegn Steingrими Stefánssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 26. og 27. kap. almennra hegningarlaga nr. 19 1940. Það var dómtekið hinn 14. janúar síðastliðinn.

Ákærður er Steingrímur Stefánsson fasteignasali til heimilis Grettisgötu 61 hér í bæ. Hann er fæddur að Hofsstöðum í Gufudalssveit hinn 5. maí 1895. Hinn 6. ágúst 1940 sætti hann 25 króna sekt fyrir ölvun, en að öðru leyti hefur honum ekki verið refsað.

I.

Hinn 24. júlí 1939 gerði Jón ljósmyndari J. Dahlmann svokallaðan verksamning við ákærðan. Samkvæmt honum var ákveðið, að framkvæmdar yrðu þar til greindar aðgerðir á húsi Jóns. Laugavegi 46; tók ákærður að sér að framkvæma þær að nokkru, en sumt skyldi Jón sjálfur láta vinna. Gaf Jón út 2 vixla, samtals að upphæð kr. 11600.00, tryggða með 6. veðrétti í húseigninni, og fékk þá ákærðum.

Í 4. gr. samningsins er svo komizt að orði, að Jón greiði vixlana „fyrir“ viðgerð þá, er framkvæma átti á húsinu. Í 5. gr. samningsins er aftur svo ákveðið, að ákærður greiði Jóni kr. 3840.00 „af andvirði vixlanna“. Er þar nákvæmlega talið, til hvers Jón mátti verja því fé, og átti það sumpart að renna til að greiða af skuldum, er á húsinu hvíldu, en sumpart til framkvæmda á viðgerðum þeim á húsinu, er Jón sjálfur átti samkvæmt samningnum að annast. Áttu þær upphæðir að greiðast Jóni „jafnóðum og verkið vinnst“. Viðgerðina átti ákærður að hefja „strax og samningar eru gerðir“, en henni átti að vera lokið 1. október. En fari svo, að henni yrði ekki lokið á þeim tíma, átti ákærður að greiða skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

Auk áður greindra ákvæða samningsins skal þess getið, að þar er sérstaklega tekið fram, að ákærður hafi „ráðstöfunarrétt“ á vixlunum.

Jafnframt því að samningur þessi var gerður, gaf ákærður Jóni kvittun fyrir móttöku vixlanna og tekur þar fram, að hann muni selja þá „á frjálsum markaði þegar í stað til að fá andvirði þeirra til að inna af hendi skyldur mínar samkv. fyrrgreindum verk-samningi,“ eins og það er orðað í kvittuninni.

Ákærður seldi síðan vixlana fyrir milligöngu málflutningsmanns, og reyndust kaupendur vera firmað Silli & Valdi. Fyrir vixlana telur hann sig hafa fengið í peningum kr. 5800.00, eftir að hafa greitt forvexti og ómakslaun. Auk þess fékk hann kröfur, mestmegnis gamlar húsaleigu- og verzlunarskuldir, að upphæð kr. 5600.00. Verðmæti þeirra krafna var undir rannsókn málsins metið af þar til skipuðum mönnum kr. 1120.00.

Ákærður tók síðan til við verk þau, er honum bar að láta framkvæma samkvæmt samningnum, en sóttust þau seint og hafði

ekki lokið þeim á umsömdum tíma, 1. október. Ekki hafði hann heldur innt af höndum peningagreiðslur þær, er honum bar. Eftir nokkurt þóf greip Jón því til þess ráðs hinn 19. október að rifta samningnum sakir þessara vanefnda.

Rétturinn lét útnefnda matsmenn meta verðmæti þeirra aðgerða, er ákærður tók að sér að framkvæma, og mátu þeir þær á kr. 4342.55. Auk þess skyldi ákærður greiða Jóni í peningum, eins og áður er sagt, kr. 3840.00. Nemur þetta samtals kr. 8182.55, er Jóni þannig bar frá ákærðum í notum vixla sinna, er námu kr. 11600.00.

Þegar samningum var rift, hafði ákærður framkvæmt aðgerðir á húsinu fyrir samtals kr. 1402.00 að áætlun áðurgreindra matsmanna. Vantaði því mikið á, að viðgerðin væri framkvæmd eins og samningar stóðu til. Af peningagreiðslum þeim, er hann átti að inna af hendi, telur hann sig hafa greitt samtals kr. 2981.35. Af þeirri upphæð hefur Jón mótmælt kr. 390.00, en það er 50 króna peningalán, er ákærður telur sig hafa látið honum í té, og kr. 340.00, sem ákærði reiknar í forvexti af vixlunum, en það telur Jón honum óheimilt. Ákærður hefur þannig greitt af höndum til Jóns upp í vixla þessi verðmæti:

Aðgerð á húsinu samkvæmt mati	kr. 1402.00
Greiðslur í þágu Jóns	— 2591.35
	Samtals kr. 3993.35
eða, ef hinar umdeildu upphæðir	kr. 390.00
eru taldar með, samtals	kr. 4383.35

En eins og áður er sagt, bar ákærðum að inna af höndum verk og peninga samtals kr. 8182.55, og nema því vanefndir hans að peningaverði kr. 4189.20 eða kr. 3799.20.

Með bréfi dags. 29. nóvember 1939 kærir Jón síðan ákærðan fyrir að ráðstafa vixlunum og vanrækja jafnframt skyldur sínar samkvæmt samningnum og eyða andvirði vixlanna í eigin þágu.

Undir meðferð málsins hefur ákærður haft uppi hinar og aðrar ástæður fyrir því, að hann fékk ekki framkvæmt verkið eða greitt af höndum umsamar peningagreiðslur til Jóns á tilsettum tíma. Verða þær ástæður ekki raktar hér, með því að það er í stuttu máli sagt álit réttarins, að þær viðbáru í heild sinni geti ekki réttlætt hinar stórfelldu vanefndir ákærðs.

Vixlana seldi ákærður, samkvæmt vitnisburði málfærslumannsins, hinn 22. ágúst. Hann kveðst hafa skoðað andvirði þeirra sem sína eigin eign og hélt því óaðgreindu frá öðru fé, er hann hafði undir höndum. Eitthvað af þessum peningum telur hann sig hafa lagt inn á sparisjóð og valið til þess sparisjóðsreikning dóttur sinnar, er hann sjálfur hafði heimild til að ávísar á. Annars kveðst

hann hafa eytt þessum peningum fljótlega, telur sig hafa verið búinn með þá um mánaðamótin ágúst—september. Auk þess sem hann varði af fé þessu til greiðslna samkvæmt samningnum, kveðst hann hafa notað það sér til framfærslu svo og til að greiða með eigin skuldir sínar.

Ákærður hefur þó haldið því fram, að hann hafi haft fjárhagslög tök á að ljúka verkinu. Hefur hann talið sig eiga að ýmsa hjálparmenn, er hann kveðst mundu hafa getað leitað til um lán til þess að fá lokið skuldbindingum sínum. Ekki hafði hann þá gert neinar tilraunir til þess að ljúka þeim á þann veg og ekki hefur honum heldur tekizt undir rannsókn málsins að gera viðhlitandi grein fyrir slíkum möguleikum.

Jafnframt er þess að geta, að fjárhag ákærðs virðist hafa verið þannig varið um þessar mundir, að það hafi síður en svo verið forsvaranlegt, með tilliti til hagsmuna viðsemjanda hans, að hann þannig greip til fjárisins til eigin þarfa. Tekjur hans virðast ekki hafa verið miklar og að hans eigin sögn mjög óvissar. Af eignum virðast hann ekki haft átt annað en „verðlitla pappíra“, að því er hann sjálfur telur, svo og hús það, er síðar getur. En það hafði hann á annars manns nafni, og taldi það ekki fram, er hann undir rannsókn málsins var krafinn skýrslna um fjárhag sinn, og varð það fyrst með öðrum hætti og síðar upplýst. Þá hefur það og komið fram, að ákærður hefur notað sparisjóðsbók á nafni dóttur sinnar til þess að leggja fé inn á, enda þótt hann hefði einnig eigin bankareikning.

Rétturinn lítur svo á, að framangreind samningsgerð verði ekki talin ákærðum til saknæmrar prettvísi út af fyrir sig, enda þótt gífurlegur munur sé á nafnverði verðbréfa þeirra, er hann tók á móti, og verðmæta þeirra, er hann átti að inna af höndum. Ákærður sjálfur varð einnig að sæta sannkölluðum neyðarkjörum, er hann seldi víxlana, og það svo, að hagnaðarvon hans af þessum framkvæmdum verður að teljast hafa verið heldur lítil og vafasöm. Rannsóknin hefur og ekki leitt neitt sérstakt í ljós, er ráðið verði af, að ákærður hafi í upphafi ætlað sér að hafa fé út úr Jóni með því móti.

Hins vegar telur rétturinn, að ákærður hafi gerzt sekur um refsiverðan verknað með því að eyða heimildarlaust í eigin þágu andvirði víxlanna og láta svo fyrirfarast að efna samningsskyldur sínar við Jón. Samningurinn virðist greinilega á því byggður, að fé það, er fyrir víxlana fæst, renni til hinnar umsömdu viðgerðar á húsinu og þar talinna greiðslna, en ekki annars, svo lengi sem með þarf. Ákærðum er þar sérstaklega áskilinn „ráðstöfunarréttur“ á víxlunum. Í kvittuninni telur hann sig sérstaklega þurfa að taka það fram, að hann muni selja víxlana þegar í stað, til þess að hann fái andvirði þeirra til að inna af hendi samningsskyldur

sí­nar. Af þessu virðist augljóst, að margnefndir vixlar hafa ekki verið skoðaðir sem fyrirframgreiðsla til ákærða fyrir viðgerðina og peninga þá, er Jón átti síðar að fá. Ákærðan verður að skoða sem vörz­lumann fjárins, sem fyrir vixlana fékkst, og því með öllu óheimilt að verja því eða varðveita það á þann hátt, að hagsmunir hins samningsaðilans yrðu settir í hættu. En að því var augljóst stefnt með háttalagi ákærðs, eins og fjárhag hans og fjárreiðum var varið og eins og raun bar vitni um. Eyðsla hans á fénu í eigin þágu í stað þess að láta það ganga upp í samnings­skyldur sínar við Jón varðar því við 247. gr., 2. mgr., sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940.

Jón J. Dahlmann hefur gert kröfu til að ákærður yrði dæmdur til að greiða sér í skaðabætur samtals kr. 9019.37 ásamt 5% árs­vöxtum frá 24. september 1940 til greiðsludags. Krafan er þannig sundurliðuð:

I. Upphæð áður greindra vixla	kr. 11600.00
Þar frá dregst:	
Ýmsar greiðslur skv. reikningum	kr. 2233.55
Aðrar greiðslur, viðurkenndar af Jóni J. Dahlmann	— 351.80
Samkv. reikn. yfir viðgerðina á Laugaveg 46	— 1220.28
	<hr/>
	— 3805.63
	<hr/>
	Mismunur kr. 7794.37
II. Leigutjón	— 975.00
III. Þóknun málfærslumanns	— 250.00
	<hr/>
	Samtals kr. 9019.37

Um kröfugerðina athugast þetta:

1. Rétturinn fellst ekki á, að Jóni J. Dahlmann beri mismunurinn á upphæð vixlanna og andvirði þess, er ákærður hefur honum í té látið. Þvert á móti virðist sá mismunur, er yrði á andvirði vixlanna og kostnaðarverði viðgerðanna að viðbættum peningagreiðslum til Jóns, hafa átt að verða ágóði ákærðs. Rétturinn telur, að krafa Jóns að þessu leyti sé mismunurinn á verðmæti þeirra aðgerða, er ákærður átti að framkvæma, og þeirra, er hann framkvæmdi, og verður þar að fara eftir mati hinna útnefndu matsmanna, svo og mismunurinn á peningagreiðslum þeim, er ákærður átti að inna af höndum, og peningum þeim, er hann greiddi í þágu Jóns. Verður upphæðin þá, eins og áður er rakið, kr. 3799.20, með því að ekki þykir fært, eftir fyrir­liggjandi upplýsingum, að dæma ákærðan til greiðslu hinna umdeildu upphæða, er hann hefur mótmælt.

2. Leigutjón sitt reiknar Jón á kr. 130.00 á mánuði fyrir tímabilið 1. október 1939 til 14. maí 1940. Reiknar hann þessa leigu

eftir efstu hæð hússins, er aðalviðgerðin átti að fara fram á. Þykir sýnt, að efsta hæðin hafi ekki verið leigufær hinn 1. október, eins og viðgerð hússins þá var komið, og með því að upphæð leigunnar hefur út af fyrir sig ekki verið mótmælt, þá ber að taka þenna lið kröfunnar til greina að fullu.

3. Eins og málinu var komið, þykir Jón J. Dahlmann hafa haft ærna ástæðu til að leita aðstoðar málfærslumanns sakir háttalags ákærðs, og ber því að taka þenna lið til greina.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærðan til að greiða Jóni J. Dahlmann í skaðabætur:

Samkvæmt 1.	kr. 3799.20
Samkvæmt 2.	— 975.00
Samkvæmt 3.	— 250.00
	Samtals kr. 5024.20

ásamt vöxtum eins og krafizt er.

II.

Dagana 2.—23. nóvember 1939 lét málflutningssskrifstofa Jóns Ásbjörnssonar og Sveinbjörns Jónssonar fara fram fjárnám hjá ákærðum til tryggingar skuld að upphæð kr. 12500.00. Fjárnámið reyndist árangurslaust, með því að verðmæti þau, er ákærður benti á, reyndust ekki matshæf. Lýsti hann yfir því, að aðrar eignir ætti hann ekki.

Með bréfi dags. 28. marz 1940 kærði Jón hrm. Ásbjörnsson yfir því, að ákærður hefði við fjárnámið skotið undan kröfum þeim, er hann fékk við sölu vixla Jóns J. Dahlmann.

Í annan stað hefur við rannsókn málsins upplýstst, að ákærður var á þessum tíma raunverulegur eigandi hússins Hverfisgötu 94.

Kröfur þær, er ákærður fékk við sölu vixla Jóns J. Dahlmanns, hafði hann að nokkru leyti í sínum vörzlum um það leyti, er fjárnámið fór fram. En sumt af þeim, eða ca. kr. 2000.00 að nafnverði, hafði hann þá selt fyrir kr. 250.00 í peningum, en þó áskilið sér rétt til að leysa þær til sin aftur. Gerði hann það og litlu síðar. Lítið eitt af kröfunum hafði hann þá þegar innheimt. Eins og umráðarétti ákærða yfir kröfum þessum var háttað, verður ekki talið, að hann hafi unnið til refsingar með því að visa ekki á þær til fjárnáms.

Um eignarétt ákærðs á húseigninni Hverfisgötu 94 hefur þetta upplýstst í rannsókninni: Á árinu 1937 tók ákærður sem fasteignasali að sér að selja húseignina fyrir þáverandi eiganda hennar. Ákvað hann að kaupa hana sjálfur. Fékk hann þá Steingrím Jóhannsson verkamann til þess að taka við afsali hússins, gerast eigandi þess að nafni til, en sjálfur skyldi hann vera raunverulegur eigandi þess, hirða arð þess og standa undir skuldbindingu-

um, er af því leiddi. Gerðu þeir um þetta samkomulag með sér, og stóð svo, unz húsið var selt á uppboði, eftir að rannsókn þessa máls hófst. En allan þenna tíma var afsalinu til Steingríms Jóhannssonar ekki þinglýst, og stóð húsið því á nafni fyrri eiganda í afsals- og veðmálabókunum.

Dómskuld sú, er fjárnámið hjá ákærðum var reynt fyrir, stafaði af vixli, að upphæð kr. 1250.00, er ákærður hafði samþykkt og selt, en fengið áður greindan Steingrím Jóhannsson til að gefa út og gerast ábyrgðarmann að. Kveðst Steingrímur hafa gert það í greiðaskyni við ákærðan og í þeim tilgangi, að hann greiddi með honum afborganir af húseigninni.

Þegar vixillinn féll í gjalddaga, greiddi ákærður ekki, og var hann þá sendur til innheimtu til áður greindrar málflutnings-skrifstofu. Annaðist Gunnar Þorsteinsson hrm. innheimtuna. Hann hefur sem vitni í málinu borið það, að hann hafi snúið sér til Steingríms Jóhannssonar og krafist hann greiðslu, með því að hann taldi ekki ákærðan borgunarmann fyrir skuldinni. En eftir sérstakri beiðni og ósk Steingríms Jóhannssonar gekk hann þá að ákærðum og lét framkvæma hjá honum áður greint fjárnám, sem reyndist árangurslaust.

Eftir það var gert fjárnám fyrir skuldinni hjá Steingrími Jóhannssyni í húseign hans, Seljalandsvegi 15. Skömmu síðar var skuldin greidd. Var það gert með þeim hætti, að Steingrímur Jóhannsson veðsetti þessa húseign sína fyrir láni, er ákærður tók, og sem rann til greiðslu skuldarinnar. Var upphæð lánsins kr. 2500.00, en þeirrar upphæðar þurfti við vegna kostnaðar við innheimtuna og affalla við hið nýja lán.

Áður greint fjárnám hjá ákærðum var því framkvæmt samkvæmt sérstakri ósk og beiðni Steingríms Jóhannssonar og honum til hagsmuna. Og eins og sambandi hans við ákærðan var háttað vegna húseignarinnar svo og með hliðsjón af því, hvernig skuldin var greidd, lítur rétturinn svo á, að ákærðum verði ekki talið það til refsiverðra saka, að hann við fjárnámssgerðina dúldist áður greindrar húseignar.

III.

Í nóvembermánuði 1939 varð það að samkomulagi með ákærðum og Einari Guðmundssyni múrarameistara, að þeir reistu í félagi hús á lóðinni Njálsgötu 86, er Einar hafði fengið viljrði fyrir að fá á leigu. Voru ráðagerðir þeirra á þá lund, að húsið yrði byggt á nafni Einars, en þeir legðu fram fé til byggingarinnar til helminga og yrðu eigendur þess að jöfnu.

Fjár til byggingarinnar ráðgerðu þeir að afla með lánnum. Að sínum hluta lagði Einar til vixil að upphæð kr. 3500.00, sem hann fékk ábyrgðarmann að og afhenti síðan ákærðum, er tók að sér

að reyna að selja hann. Jafnframt fékk ákærður Einar til að samþykkja annan vixil sömu upphæðar og fá bróður sinn sem ábyrgðarmann á og afhenda sér. Ætlaði ákærður að selja þann vixil og afla sér út á hann síns hluta framlagsins. Báðir voru vixlarnir tryggðir með veði í áður greindri lóð.

Í stað þess vixils, er Einar þannig samþykkti fyrir ákærðan, afhenti ákærður honum jafnháan vixil, samþykktan af sér. Var á honum enginn ábyrgðarmaður og engin trygging sett.

Þegar til kom, tókst ákærðum ekki að selja vixil Einars, þann er verða átti framlag hans til byggingarinnar. Aftur á móti seldi hann hinn vixilinn, sem hann átti að nota til síns hluta framlagsins, og hafði þó áður útvegað sér nýjap ábyrgðarmann á hann. Því fé, er hann fékk fyrir þann vixil, eyddi hann í aðkallandi skuldargreiðslu og sér til framfærslu.

Þar sem svona var málum komið, varð ekki frekara úr byggingarfyrirætlun þeirra félaga. Kærði þá Einar yfir þessu athæfi ákærða. Jafnframt féll hinn seldi vixill í vanskil, og var þá út af því höfðað mál á hendur þeim ákærðum og Einari, svo og ábyrgðarmanni þeim, er ákærður hafði fengið til að skrifa á hann, og voru þeir dæmdir til greiðslu hans.

Áður en rannsókn málsins lauk, hafði ákærður leyst til sín þann dóm og afhent Einari kvittaðan. Féll Einar þá um leið frá refsikröfu sinni. Og með því að þessar athafnir ákærðs myndu hafa fallið undir ákvæði 256. gr. hinna eldri hegningarlaga, þegar þær voru framkvæmdar, þá ber nú samkvæmt 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 1940 að sýkna hann af þessum lið ákærunnar.

Einar Guðmundsson hefur krafizt þess, að ákærður yrði dæmdur til að greiða sér kr. 50.00, sem er kostnaður sá, er hann kveðst hafa haft vegna aðstoðar lögfræðings í málinu. Með því að ákærður hefur samþykkt þessa kröfu, ber að taka hana til greina.

Refsing ákærðs þykir samkvæmt því, sem að framan er rakið, hæfilega ákveðin fangelsi í 4 mánuði. Þá ber og að dæma ákærðan til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Gústafs Ólafssonar málfærslumanns, er ákveðast kr. 200.00.

Rannsókn málsins hefur verið vítalaus, en nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögn. Stafar hann af stórlega auknum daglegum afgreiðslum, er starfskraftar embættisins reyndust alls ónógir til að anna með viðunandi hraða, og ekki varð ráðin bót á svo fljótt, sem æskilegt hefði verið.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Steingrímur Stefánsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs talsmanns síns hér fyrir réttinum, Gústafs Ólafssonar málflytningmanns, kr. 200.00.

Hann greiði innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa Jóni J. Dahlmann kr. 5024.20 ásamt 5% ársvöxtum frá 24. september 1940 til greiðsludags.

Hann greiði innan sama tíma Einari Guðmundssyni kr. 50.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. janúar 1942.

Nr. 43/1941. **Albert Bjarnason** (Sveinbjörn Jónsson)
 gegn

Agli Jónassyni. (Theodór B. Lindal).

Bætur vegna bifreiðarslyss.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 30. maí 1941, hefur krafizt þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 8236.60 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 27. nóv. 1940, til greiðsludags og málskostnað fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Kippur bifreiðarinnar aftur á bak, sem í héraðsdómi greinir, virðist hljóta að hafa stafað af orku framleiddri í bifreiðinni og fyrir viljandi eða óviljandi tilverknað bifreiðarstjórans, sem sat við stýri hennar og stjórnaði henni, þegar slys það varð, sem mál þetta varðar. Slysið verður því talið stafa af notkun bifreiðarinnar, og samband aðilja máls þessa verður því að fara eftir ákvæðum 2. málsg. 15. gr. sbr. 16. gr. bifreiðalaga nr. 70/1931, er þá voru í gildi. Nú er eigi sýnt fram á það, að slysið hefði hlotið að vilja til, þrátt fyrir alla aðgæzlu og varkárni af hálfu bifreiðarstjórans, og verður því að telja stefnda skyldan að bæta áfrýjanda tjón af slysinu samkvæmt téðum lagaákvæðum.